

✉ Re: Deiliskipulag í landi Eyrarkots, Kjósarhreppi

Búið til	2.6.2021 14:31:59
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	2.6.2021 14:31:58
Tilheyrir	📁 202105-0017 - Deiliskipulag í landi Eyrarkots, Kjósarhreppi

Efni

Re: Deiliskipulag í landi Eyrarkots, Kjósarhreppi

Upplýsingar

Sent	2.6.2021 14:31:58	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	sigurdur@kjós.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202105-0017 (SS).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps, dags. 12. maí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi í landi Eyrarkots, Kjósarhreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir deiliskipulagstillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Líkt og kemur fram í greinargerð deiliskipulagstillögunnar er skipulagssvæðið að hluta til inni á tveimur svæðum á gildandi náttúruminjaskrá þ.e.a.s. Laxárvogur og Laxá í Kjós nr. 134 og Ósmelur og Hvalfjarðareyri nr. 138. Þá er svæðið innan þeirrar afmörkunar sem Náttúrufræðistofnun skilgreindi fyrir tillöguna Hvalfjörð á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna verndunar fjöruvistgerða, fugla og sela. Einnig hefur Náttúrufræðistofnun Íslands skilgreint Hvalfjörð sem mikilvægt fuglasvæði. Þá eru sandmaðks- og skeraleirur á Hvalfjarðareyri undir sérstakri vernd skv. 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Í ljósi alls sem talið er upp hér að ofan og sem skilmerkilega er greint frá í greinargerð deiliskipulagstillögunnar, þá er verndargildi náttúruminja innan og í næsta nágrenni við skipulagssvæðið mjög hátt að mati Náttúrufræðistofnunar. Allar ákvarðanir um breytta landnotkun og uppbyggingu þarf að taka með það í huga og gæta þess að verndargildi rýrni ekki.

Lóðum fyrir sumarhús eða fasta búsetu hefur fjölgað allnokkuð nálægt strandsvæðinu frá Hvalfjarðareyri inn í Laxárvog. Aukinni uppbyggingu af þessum toga getur fylgt aukið ónæði fyrir fuglalíf og aukið hættu á raski á vistgerðum t.d. vegna mengunar. Afar mikilvægt er að uppbygging í Eyrarkoti taki tillit til þessa og er jákvætt að fjallað er um í skipulagstillögunni að lögð verði áhersla á að hafa sem minnst áhrif á umhverfið. Útfærslur á fráveitu, val á byggingarefnum og stærð og staðsetning mannvirkja ræður miklu um að þessu markmið sé náð. Sérstaklega þarf að gæta að uppbyggingu á lóðinni Blómsturvöllum 2 þar sem stefnt er að smábátahöfn með bátaskýli og flotbryggju og aðstöðu fyrir sjósund. Áform um að endurheimta æðarvarp á ströndinni eru jákvæð en huga þarf að samspili þeirra við áform um smábátaumferð sem og áhrifa umferðarinnar á fuglalíf almennt. Þá er jákvætt að hluti uppbyggingar sé fyrir fræðslu- og fuglaskoðunarskála og að lögð verði áhersla á fræðslustarf. Það ætti ef vel heppnast að vinna vel með markmiðum um verndun náttúru.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurður H. Ólafsson" <sigurdur@kjof.is>
To: "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "eftirlit@eftirlit.is" <eftirlit@eftirlit.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "shs@shs.is" <shs@shs.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Deiliskipulag í landi Eyrarkots, Kjósarhreppi
Date: 12.5.2021 13:38:13

Góðan dag.

Sent til umsagnar, í samræmi við 4. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan hefur var kynnt kynnt almenningi með auglýsingu í Morgunblaðinu þann og í Lögbirtingablaðinu þann 7. maí sl., ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps og í anddyri hreppsskrifstofu.

Hér með er gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum við deiliskipulagið. Óskað er eftir að athugasemdirnar berist eigi síðar en 4 vikum frá dagsetningu þessa tölvupósts.

Sveitarstjórn telur að heimilt hafi verið að falla frá gerð lýsingar skipulagsverkefnisins, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga, enda liggja allar megin forsendur deiliskipulagstillögunar fyrir í breyttu aðalskipulagi sem nú er í auglýsingu.

Kær kveðja,

Sigurður H. Ólafsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps

Sími 566 7100 / 898 2297

Netfang: skipulag@kjos.is



Viðhengi

image001.png (159 KB)

image002.png (5 KB)